

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis,
bt. nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Ísafirði 5. nóvember 2012

Efni: umsögn um frv. til laga um Ríkisútvarpið, mál 194.

Snerpu ehf. hefur borist beiðni nefndasviðs um umsögn um frumvarpið og við lestur þess ber helst að nefna að Snerpa vill enn gera athugasemdir við ákvæði um rekstur dreifikerfis og starfsemi á landsbyggðinni.

Svo vikið sé að núverandi reynslu af rekstri dreifikerfis Ríkisútvarpsins ohf. (hér eftir RÚV) þá er hún sú að landsbyggð hefur í gegnum tíðina almennt verið mun verr sinnt í þessum málum en SV-horninu. Tækjabúnaður til dreifingar hefur víða ekki verið endurnýjaður í áratugi og víða eru dauðir blettir í viðtökuskilyrðum.

Snerpa sendi RÚV fyrirspurn um dreifingarmál í 10 liðum 20. febrúar sl. og eftir endurteknaðar ítrekanir fékkst svar 2. maí. Í svarinu eru m.a. tíundaðar úrbætur í dreifikerfinu sem átti að framkvæma í ár (átak á Vestfjörðum), en nú, í nóvember hefur hvorki bólað á úrbótum, né svari við ítrekaða spurningu um hvenær af verði. Má nefna áratuga gamla senda til hljóðvarpssendinga sem þarfnast sárlega endurnýjunar sem dæmi. Að öðru leyti vil ég vísa til tölvupósts frá yfirverkfræðingi RÚV sem lesa má út úr að ýmislegt gæti betur farið í dreifingarmálum. Sérstaklega vil ég benda á svar við 3. spurningu og bendi nefndinni á að afla þeirra gagna. Bendi einnig á svar um útsendingargæði við spurningu 6.

Ég sendi í vor til Allsherjar- og menntamálanefndar umsögn og mætti einnig á fund til að svara spurningum nefndarmana. Ég get því miður ekki séð að nefndin hafi séð ástæðu til að taka ábendingar frá mér til greina en hvet nefndina til að endurskoða hug sinn varðandi dreifingarmálin sérstaklega. Enn gildir margt í eldri umsögn og sér þess ekki stað í frumvarpinu að nefndin vilji bæta úr þeim annmörkum.

Dreifingarmál útvarps: FM-sendingar hefa ekki fulla dekkun á helstu þjóðvegum og í afskekktari byggðum með heilsársbúsetu. Sem dæmi má nefna Norður-Strandir og Breiðavík sem bæði eru með heilsársbúsetu og eru einnig vinsælir ferðaþjónustustaðir. Skv. viðmiðum Fjarskiptasjóðs eiga þessir staðir rétt á nothæfu Internetsambandi en engin sambærileg viðmið eru til yfir viðtöku ljósvakafjölmíðla. Vestfirðir hafa verið án RDS-þjónustu í FM-útsendingum frá upphafi. Jarðgöng úti á landi eru öll án útvarpsútsendinga. Kostnaður ætti ekki að sliga RÚV en sem dæmi kostar á bilinu 7-10 milljónir að koma fyrir sendum fyrir bæði Rás 1 og Rás 2 í Bolungarvíkurgöngum og svipað í göngum undir Breiðadals- og Botnsheiðar. Í báðum göngum er nú ónotuð loftnetaaðstaða fyrir hendi. Svo virðist skv. ársskýrslu RÚV að einungis 5% af veltu fari til reksturs dreifikerfis.

Dreifingarmál sjónvarps: Þó að senn líði að lokum hliðrænnar dreifingar má nefna að stereo-útsendingar RÚV í sjónvarpi hafa aldrei náð til Vestfjarða og gildir það líklega einnig um mestalla landsbyggðina. Útsendingar til næstu miða eru svo til engar, á Vestfjörðum utan 4 mílna, næst sjónvarp aðeins á litlum bletti úti fyrir Dýrafirði. Skip styttri en 35 metrar (92% skipa á skipaskrá) geta ekki nýtt sér gerfihnattaútsendingar. Í sveitum eru móttökuskilyrði víða afleit og fjöll skyggja á gerfihnattaútsendingu víða. Þrátt fyrir að hægt hafi verið að nýta aðstöðu á radarstöðvunum til sendinga langt út á miðin hefur það ekki verið gert.

Rekstur svæðisútvarps: RÚV lagði niður rekstur svæðisútvarpsmiðstöðva í hagræðingarskyni og tilkynnti að þess í stað yrði landbyggðarmálefnum sinnt á öflugan hátt í hádegisútvarpi. Sú dagskrárgerð hefur einnig verið lögð niður og má nú segja að eina umfjöllun RÚV um málefni landsbyggðar felist nú í sjónvarpsþættinum Landanum sem má allt eins búast við að „fari í sumarfrí“ og undir hælinn lagt hvort hann haldi þá áfram eftir frekari „hagræðingu“. Landinn fór reyndar í sumarfrí í sumar en er þó enn á dagskrá.

Tillögur um úrbætur:

Lagt er til að í frumvarpið verði tekin upp ákvæði sem tryggji að viðtökuskilyrði miðla RÚV verði sambærileg um allt land og næstu mið. Lögð verði áhersla á að bæta gæði á erfðustu útsendingarsvæðum og setja traust viðmið um þau. Þá verði kveðið á um skyldu RÚV til að koma upp útsendingum í jarðgöngum en um leið rétt

Þess til endurgjaldslausrar aðstöðu í mannvirkjum í eigu ríkisins.. RÚV verði einnig gert skylt að birta á opinberan hátt niðurstöður úr reglulegum gæðakönnunum um rekstur dreifikerfis.

RÚV verði gert skylt að reka starfsstöðvar með a.m.k. 2 stöðugildum hverri, á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Höfn og Selfossi/Vestmannaeyjum. Utan höfuðborgarsvæðisins = a.m.k. 2 klst. akstursvegalengd frá Reykjavík.

Að ofansögðu er lagt til að Allherjar- og menntamálanefnd taki neðangreindar tillögur til meðferðar:

Lagt er til að við 2. tl. 1. mgr. 3. gr. bætist:

Í þessu skyni skal Ríkisútvarpið starfrækja a.m.k. 5 starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins með a.m.k. 2 heilum stöðugildum hverri.

Lagt er til að við 5. tl. 1. mgr. 3 gr. bætist:

Ríkisútvarpinu skal veitt nauðsynleg húsnæðis- og loftnetaaðstada án endurgjalds í þeim mannvirkjum sem ástæða þykir til að endurvarpa hljóðvarpsefni vegna útsendingarskugga í þeim, þ.m.t. jarðgöngum, ferjum, virkjunum og öðrum þeim stöðum innanlands þar sem ætla má að dreifing sé ófullnægjandi. Þá skal Ríkisútvarpinu lögð til án endurgjalds nauðsynleg húsnæðisaðstada í mannvirkjum sem eru í eigu íslenska ríkisins eða félögum sem eru að fullu í eigu íslenska ríkisins, þ.m.t. radarstöðvum og vitum.

Lagt er til að við 1. tl. 5 mgr. 3. gr. bætist.

Sérstaklega skal tryggt að um dreifingu dagskrárefnis gildi að hún fylgi að lágmarki gæðaviðmiðum sem Ríkisútvarpið setur sér og birtir, ásamt viðbragðsáætlun um endurreisn dreifikerfis við bilanir, náttúruhamfarir og aðra ófyrirséða atburði.

f.h. Snerpu ehf.

Björn Davíðsson.

Fylgiskjal:

- Tölvupóstur frá Kristjáni Benediktssyni, dags. 2. maí 2012

From: Kristján Benediktsson <kristjanb@ruv.is>
Subject: **Re.: Tíu spurningar um dreifikerfi RÚV**
Date: 2. maí 2012 22:45:52 GMT+00:00
To: "bjossi@snerpa.is" <bjossi@snerpa.is>
Cc: Eyjólfur Valdimarsson <eyjolfur@ruv.is>, Páll Magnússon <pall.magnusson@ruv.is>, Gísli Arnar Gunnarsson <gisliarnar@ruv.is>
▶ 1 Attachment, 189 KB

Sæll Björn,
hér fyrir neðan eru í öðrum lit svör mín við spurningum þínum, sem ég var beðinn að svara.
Vegna annríkis og þess að stórt er spurt, hafur svarið dregist, sem er miður.
Vona að svörin nái að koma eitthvað til móts við spurningar þínar.

Með kveðju,



-----Original Message-----

From: Björn Davíðsson [mailto:bjossi@snerpa.is]
Sent: 20. febrúar 2012 12:56
To: Páll Magnússon
Subject: Tíu spurningar um dreifikerfi RÚV

Sæll Páll.

Í tilefni af framkomnum svörum menntamálaráðherra um dreifikerfi Ríkisútvarpsins (RÚV) óska ég eftir eftirfarandi upplýsingum frá Ríkisútvarpinu.

Spurningar sem óskað er svars við eru númeraðar en miklli þeirra eru formálar og athugasemdir til frekari skýringa á efni þeirra.

Í svarinu er talað um „nýja Vestfjarðaleið“ og styrkingu útsendingar í Ísafjarðardjúpi.

1. Hver er nánari skilgreining á „nýrri Vestfjarðaleið“?

Þegar segir „til landsins alls og næstu miða“ varðandi dreifisvæði, hefur verið nefnt að útsending nái til 99,9% þjóðarinnar, og þá væntanlega til allra þeirra sem hafa heilsársbúsetu eða atvinnurekstur á heilsársgrundvelli auk stofnvega í vegakerfi Vegagerðisinnar, í þessu 0,01% felast þá væntanlega þeir sem eiga t.d. sumarhústaði á afskekktum stöðum, á sumum ferðaleiðum á hálendinu o.s.frv.

Án FM-þjónustu nú má nefna staði eins og Breiðuvík við Látrabjarg sem er með heilsársbúsetu og fjölsóttur ferðamannastaður á sumrin eða Djúpuvík á Ströndum auk Vestfjarðamiða sem auðvelt er að þjónusta bæði með FM-útsendingum og sjónvarp frá Bolafjalli. Einnig má nefna stóra hluta leiðarinnar á þjóðvegum 60 og 61, t.d. á milli Þingeyrar og Flókalundar og slæm skilyrði á Gemlufallsheiði og í Ísafjarðardjúpi. Ekki benda á gerfihnattaútsendingar, fjöll á Vestfjörðum hindra og skip styttri en 35 metrar geta ekki nýtt sér þær. Þá minni ég að eitt af skilgreindum meginmarkmiðum RÚV er „að tryggja örugga dreifingu dagskrárefnis“.

Með hinni „Nýju Vestfjarðaleið“, áttum við við breytta akstursleið til Ísafjarðar, sem kom til vegna vegarins yfir Arnkötludal/Þróskulda. FM dreifingin á kaflanum frá Bröttubrekku til Ísafjarðar var mældur sl. sumar, og niðurstöður mælinganna notaðar til að ákveða úrbætur, svo sem staðsetningu nýrra senda. Þetta ásamt RDS væðingu þessarar leiðar er fyrsti áfangi í efningu FM þjónustu RÚV á Vestfjörðum.

2. Hvernig hyggst RÚV uppfylla þjónustumarkmið sitt til frambúðar til þeirra sem hafa heilsársbúsetu eða atvinnu á afskekktum stöðum þar sem útvarpsband annað en langbylgja er ekki aðgengilegt?

Áður en langbylgjusendar RÚV voru endurnýjaðir, var farið yfir alla kosti, sem til greina þóttu koma um útvarpsþjónustu á landinu. Niðurstaðan var að full þekjun landsins með FM sendingum væru mun kostnaðarsamari en langbylgjustöðvarnar, auk þess að ná mun skemmra út á miðin umhverfis landið. Langbylgjusendingarnar gegna þriðjættu hlutverki: 1. Fylla í þau mörgu göt sem eru í FM dreifingunni; 2. Þjóna miðunum kringum landið nær og fjær; 3. Vera varaleið, þegar FM sendingar bregðast. Vegna kostnaðar eru ekki áætlanir um að fylla í öll göt í FM dreifingunni, en stefnt er að ýmsum úrbótum, eftir að úrbótum á hinni „Nýju Vestfjarðarleið“ lýkur, svo sem á sunnanverðum Vestfjörðum.

3. Eru tiltækar upplýsingar um þróun kostnaðar við rekstur dreifikerfisins undanfarin ár og þá sérstaklega óreglulegan kostnað, s.s. viðhald og endurnýjun búnaðar?

Tölur um þetta eru í bókhaldi RÚV, en ekki tiltækar, þegar þetta er skrifað.

4. Eru Vestfirðir eina landssvæðið þar sem ekki er RDS-merki á FM-útsendingum?

Ef svo er ekki, óskast gerð grein fyrir þeim landssvæðum þar sem svo er einnig ástætt.

Já, að því er við teljum, fyrir utan svæðið kringum Höfn, Hornafirði.

5. Eru framlög til viðhalds og endurnýjunar FM-dreifikerfis skv. fjárhagsáætlun 2012 aukin frá því sem áður var? Ef ekki, sér RÚV ástæðu til að gera sérstakt átak í endurbótum á FM-dreifikerfi sínu?

Já, framlög eru aukin með átaki á Vestfjörðum og nýlega er einnig lokið útboði á endurnýjun FM stofnsenda RÚV.

6. Er útsendingarstyrkur í FM-útsendingarkerfinu á Vestfjörðum utan ásættanlegra marka skv. mati RÚV? Ef svo er þá hvar?

Hvað er utan ásættanlegra marka og hvað ekki, er skilgreiningaratriði, sem mörg svör út af fyrir sig geta verið við. Í praxis hlýtur spurningin þó að takmarkast af kostnaði, og vídfangsefnið vera að ná sem mestri útbreiðslu miðað við sem minnstan kostnað, auk þess að forgangsraða takmörkuðum fjármunum. Fullkomlega ásættanlegt verður það seint alls

staðar. Að því er varðar Vestfirði voru Rásar 1 sendar víða aðeins 10W í upphafi, en þegar Rás 2 var gengsett voru settir 100W sendar fyrir hana. Þetta þarf að jafna. Síðan vitum við af slæmum skilyrðum á sunnanverðum Vestfjörðum, sem þú nefnir, og við höfum skoðað uppsetningu senda þar í tölvu til að kanna útbreiðslueiginleika, t.d. á nýja sendistaðnum á Urðarhjalla, sem nýjust myndi því svæði vel frá Kollsvík til Breiðavíkur, Hvallátra og Rauðasands. Þetta hefur verið skoðað, án þess ákvörðun hafi verið tekin.

7. Er til áætlun um styrkingu FM-útbreiðslu á Vestfjörðum? Ef svo er óska ég eftir eintaki af áætluninni.

Í fyrsta áfanga erum við að tala um styrkingu útgeislaðs afls, annaðhvort með stefnuvirkari loftnetum, eða auknu sendiafli, ásamt breytingu pólnar, annaðhvort í lóðréttu eða hringpólun í Bolungarvík, Arnarnesi og Bæjum, og auk þess nýja FM senda á Ögurnesi, Nauteyri, Hátungum, Kvíafelli, Tjaldanesi og 2 á leiðinni yfir Bröttubrekku, auk mögulegra tilraunaseðinga í göngunum til Bolungarvíkur.

8. Hvenær verður ljóst hvort hljóðvarps- og sjónvarpsútsendingar frá ratsjástöðvunum verða að veruleika?

Margir hafa bent á ratsjástöðvarnar sem ákjósanlega sendistaði, sem þær á vissan hátt eru, en þó allt háð forgangsröðun á takmörkuðu ráðstöfunarfé, og þarfir annars staðar haf hingað til verið metnar meiri, svo sem þær endurbætur sem nú er unnið að, hvað sem síðar kann að verða...

Jafnframt vakna nokkrar spurningar við lestur samnings milli Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins ohf. dags. 23. mars 2007.

9. Hvernig getur staðist að RÚV álíti það vera hlutverk framkvæmdaaðila jarðgangagerðar að sjá vegfarendur fyrir dreifingu á útvarpi?

Þannig var það í Hvalfjarðargöngunum, að dreifing útvarps var kostuð af framkvæmdaaðila, en er það ekki alltaf sama gamla spurningin, hver á að borga hvað...?

Í 4. gr. samningsins (alþjónusta) er ákvæði að gerður skuli sérstakur samningur um útbreiðslu og þjónustu í stafræni hljóðvarpi og sjónvarpi fyrir 31. desember 2007.

10. Hvar er hægt að nálgast þann samning?

Hef hann ekki undir höndum, þegar þetta er skrifað, en ætti að vera á heimasíðu annaðhvort RÚV eða menntamálaráðuneytis...

Að lokum vil ég nota tækifærið til að lýsa áhuga hjá Snerpu til að eiga samstarf við RÚV um eflingu dreifikerfisins á Vestfjörðum. Við störfum við tölvu- fjarskipta- og netþjónustu og erum tilbúin að ræða málin sé áhuginn gagnkvæmur.

Eitthvað sem skoða má, veit ekki betur en leitað sé til ykkar af og til...

kv,-bd-

—

Björn Davíðsson - Þróunarstjóri - Snerpa Internet bjossi@snerpa.is - 520-4018 - GSM 840-4008 - Isn: 2118*1391